

**15. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
10. ágúst 2015 og hófst hann kl. 15:30**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

- 1. 1508001 - Gámar júlí 2015**
Lögð fram drög að vinnureglum.
- 2. 1508105 - Reglur um umgengni á lóðum**
Lögð fram drög að vinnureglum.
- 3. 1408071 - Kirkjubraut 33, eignaskiptayfirl. endurnýjun lóðaleigusamnings.**
Málið kynnt.

4. 1405059 - Deilisk. - Dalbraut-Þjóðbraut, Dalbraut 6

Á fundi bæjarráðs þann 30. júlí var bókað að bæjarráð teldi mikilvægt að tekin verði ákvörðun um næstu skref vegna skipulags við Dalbraut/Þjóðbraut. Bæjarráð fól skipulags- og umhverfisráði að yfirfara yfirfara núverandi skipulag sem er frá 8. maí 2007 og koma með tillögur um uppbyggingu á reitnum. Horft verði m.a. til þjónustu og félagsstarfs eldri borgara í húsnæðinu að Dalbraut 6 í þeirri vinnu ráðsins.

Sviðsstjóra falið að koma með tillögu inn á næsta reglulega fund ráðsins um næstu skref.

5. 1508104 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi breyting á deiliskipulagi

Fyrir liggja hugmyndir um breytingar á skipulagi í Skógarhverfi 2. áfanga en þær eru eftirfarandi:

- A) Nýtingarhlutfalli einbýlishúsa verði breytt úr 0.5 í 0.35.*
- B) Tvær parhúsalóðir og einni raðhúsalóð við Blómalund 1-13, verði breytt í fjórar parhúsalóðir.*
- C) Fjölbýlishúsalóðum við Akralund 8,10,12 og 14 verði breytt í 4 parhúsalóðir.*

Ofangreindar hugmyndir lagðar fram. Sviðsstjóra falið að afla nánari upplýsinga um áhrif ofangreindra breytinga og leggja þær fyrir á næsta reglulega fundi ráðsins.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

6. 1505010 - Lambhúsasund - uppbygging hafnarsvæðis

Fyrir liggur beiðni Faxaflóahafna um umsögn Akraneskaupstaðar vegna erindis Þorgeirs & Ellerts hf, varðandi uppbyggingu við Lambhúsasund. Bæjaráð hefur óskað eftir því að Skipulags-og umhverfisráð komi að gerð fyrrgreindrar umsagnar.

Í ljósi þessa vill Skipulags-og umhverfisráð benda á að fyrir liggur vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að aðstaða Akraneshafnar sem fiskihafnar verði eflad m.a. með tilliti til þeirrar þróunar að fiskiskip fari stækkandi og líkur eru á að umsvif við höfnina muni aukast á næstkomandi árum. Eins verði tekið mið af þörfum iðnaðar á Akranesi sem tengist beint þjónustu við sjávarútveg. Sá iðnaður felur í sér m.a. skipasmíðar, skipaþjónustu og uppbyggingu vinnslulína sem nýtast sjávarútvegs- og matvælafyrirtækjum. Mikilvægt er að horft sé til þess að framþróun þessarar þjónustu geti haldið áfram og að hafnarþjónusta sé m.a. miðuð að því að þau markmið náist.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

7. 1508022 - Kirkjubraut 1-fyrirspurn að byggja ofan á húsið

Málið kynnt.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

8. 1505101 - Þjóðbraut 1 - beiðni um tímabundin afnot af lóð Dalbrautar 6

Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.

9. 1508082 - Gjaldskrá skipulags og byggingarmál og tengd þjónustugjöld 2015

Drög að gjaldskrá kynnt.

10. 1304196 - Breiðin - umhverfismál o.fl.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið Breiðin Akranesi:

Skóflan ehf: kr. 20.534.000

Þróttur ehf: kr. 21.000.000

Kostnaðaráætlun: kr. 17.247.200

Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

11. 1508033 - Dalbraut 1 - hönnun lóðar

Málið kynnt.



12. 1508004 - Hjarðarholt 4, endurnýjun lóðaleigusamnings.

Málið kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Einar Þrándur
Rúkel Óskarsdóttir
Keritas Jónsdóttir
Valgerður S. J.
Kristín Sigurzeirsdóttir
Mildur Þjannar
Sigr. Þ. H.
Rafn Sigurpórsel íd